

Þ R Æ Ð I R

Tímarit tónlistardeildar Listaháskóla Íslands

10. tölublað

Reykjavík vor 2025

EFNISYFIRLIT

Formáli	3
Þankar úr bíflaki	4
Prófessoraspjall um efni	14
Aphex Twin – A Topic Analysis	19
Prokofjev og klassísku stefjamódelin	27
The Musical Chairs Framework for Understanding New Audiences and Innovative Practice	38
Skapandi gervigreind	45
Um höfunda	49

Formáli

Einar Torfi Einarsson

Það er vissulega gleðiefni að tölublöð Þráða skuli nú loksins telja með tveggja stafa tölu en ritið hefur starfað síðan 2016 og heldur því upp á 10 ára afmæli á næsta ári (og eru stór plön um þá hátíð í bígerð). 10. tölublað Þráða rennur því hér hátíðlega úr hlaði með sex nýjum greinum úr ýmsum áttum. Eins og oft áður eru það kennarar við tónlistardeild LHÍ sem brýna hér penna sína en einnig eru það nemendur deildarinnar, bæði núverandi og fyrrverandi, sem bera fram sín sjónarhorn og rýni.

Atli Ingólfsson ríður á vaðið og birtir hér, í hálf-ljóðrænum stíl, yfirlýsingu sína um hvað list yfir höfuð sé og sérstöðu hennar í akademísku samhengi. Þá er Atli einnig annar burðarásinn í spjalli okkar um efni og viðfangsefni og hvernig það birtist á ólíkan hátt innan tónsmíða.

Einar Indra rýnir svo í tónlist eins helsta raftónlistarmanns síðustu áratugi, Aphex Twin, með ákveðinni greiningartækni sem horfir einna helst á 'topic' eða minni.

Greiningin heldur svo áfram í höndum Hróðmars Inga sem beinir henni að einu stórmenni rússneska skólans, Sergej Prokofjev, og setur í samhengi við klassíska stefja- og setningarfræði.

Majella Clark, sem útskrifast í vor úr NAIP-náminu gefur okkur svo innsýn í lokaverkefnið sitt sem fjallar um nýsköpun á sviði hljómsveitarstjórnunar.

Botninn slær svo Þórhallur Magnússon með hugleiðingum um skapandi gervigreind í tengslum við rannsóknaverkefnið hans sem og núverandi stöðu gervigreindar í samfélaginu.

Ég þakka ritstjórn að vanda kærlega fyrir góð og vönduð störf og vona að lesendur njóti skrifanna.

f.h. Þráða

Einar Torfi Einarsson

Þankar úr bíflaki¹

Atli Ingólfsson

HLÍFAR

Sá sem hefur mál sitt á því að tala um geimverur eins og þær séu á meðal okkar, ætli hann sé ekki annað hvort æsifréttaður eða heimspekingur? Hvorugt væri nú sérlega gæfulegt fyrir lesanda sem vill bara raunsætt og greinargott spjall um áhugavert málefni. Hann gæti hvarflað undan svona nokkru. Sá sem vill tala af auðskiljanlegu viti hefur því væntanlega mál sitt á einhvern annan hátt. Og vonandi þurfum við hreint ekki að velta þessu fyrir okkur hér.

Allt um það þá mætti ég nýverið geimveru og datt í hug að spyrja út í skóbúnað hennar. Um leið var það tilefni til smávegis íslenskukennslu.

Ég sagði: „Þú ert með stálhlíf í skónum“. Svo útskýrði ég: „Það er hlíf úr stáli“.

Veran var námfús og sagði: „Já, ég skil. Í gær heyrði ég um regnhlíf. Það er þá hlíf úr regni.“

Þetta þurfti ég að leiðrétta. „Reyndar er hún til að hlífa fyrir regni.“

Þar sem við vorum stödd í smíðju kom að því að ég benti henni á andlitshlífur ef hún þyrfti.

„Já, ég skil. Til að hlífa okkur fyrir andlitum?“ Aftur þurfti ég að leiðrétta.

Skyldi mér hafa tekist að skýra fyrir henni *stálhlíf, regnhlíf og andlitshlíf*? Hvað er þá *veltihlíf*?

Æ, orðin. Það virðist ekki vera nein sjálfgefin leið til að skilja þau. Það er næstum eins og við þurfum að skilja tungumálið til að geta skilið tungumálið. Það fylgir orðunum samhengi sem er nauðsynlegt til að skilja þau. *Hlíf* er að vísu hlutur úr einhverju föstu efni sem mætti sníða víða lýsingu á, en í samsetningum tekur það á sig ólíka merkingu og það getur verið mjög afdrifaríkt að rugla þeim saman. *Regnhlíf* getur ekki gengið í hlutverk *stálhlífar*.

Grípum nú niður á allt öðrum stað þar sem svipað vandamál er á ferðinni. Maður nokkur fékk leyfi til að vera með bílakirkjugarð á landareigninni. Enginn slíkur staður er sérstakt augnandyndi eða ímynd reglu, en eigandinn rataði vel um hann og vissi hvar hverja einustu felguró var að finna. Gamanið kárnaði hins vegar þegar ráðinn var umsjónarmaður með kirkju-

¹ Titillinn kann að hljóma ógnvekjandi en hann vísar þó fyrst og fremst í gleði drengs sem fær að leika sér óáreittur innan um gamla ónýta bíla.

görðum byggðarlagsins. Þá fóru að berast fyrirspurnir um röð, reglu, skráningu og skipulag sem okkar maður skildi ekki nokkuð í. Forstöðumaður kirkjugarða skildi heldur ekki hvers vegna bárust svona loðin svör, til dæmis við reitinn „opið fyrir aðstandendur“, þar stöð „já og nei“. Skömmu síðar lenti forstöðumaðurinn sjálfur í svipuðum misskilningi þegar yfirmaður garðyrkju í byggðarlaginu boðaði rétta staðla við gróðursetningu, grísjun og jarðbætur, þetta væri jú *garður*. Við reitinn „Vistsvæði íslenskrar flóru“ ritaði kirkjugarðsstjórinn: „já og nei“.

JÁ OG NEI

Hér leyfði ég mér að reyna á þolinmæði lesandans og viðra það sem virðast vera tómir leikir að orðum. Þeir eru hin besta skemmtun en tilefni þeirra er *graf*-alvarlegt; og þar með lýkur orðaleikjum. Mig langar að velta fyrir mér orðinu *listaháskóli*. Ég finn enga styttri leið að því efni en innganginn hér að ofan og eitt enn: Frásögn af samskiptum mínum við gamlan féлага sem fæst við rannsóknir í lífefnafræði. Hann er *háskólamaður*.

Við metum félagsskapinn mikils og eiginlega finnst hvorum hann vaxa af þeirri fræðslu sem hinn veitir. Hrifning hvors af sérgrein hins er stöðug og sífellt er hvor innblásinn af fróðleiksmolum hins, enda þykjumst við báðir komnir með smávegis innsýn í grein sem við lögðum þó ekki fyrir okkur í háskólanámi. Ég hef samt tekið eftir vissum kennileitum í samskiptum okkar. Það er þannig að þegar ég þykist vera búinn að átta mig á einhverju merkilegu í lífefnafræðinni segi ég kannski: „Þannig að amínósýrur eru vegabréf erfða-efnisins?“ Þá svarar hann: „Já og nei, þetta er ekki alveg svona einfalt“. Og eins er það þegar hann tjáir sig um músík: „Eru ekki taktslögín svona tenging við það líkamlega í tónlistinni?“ Svar: „Já og nei, og svo framvegis.“

Það virðist nefnilega þannig að þegar maður hefur grunnþekkingu í einhverju fagi sé auðvelt að alhæfa um það án þess að hafa algerlega rangt fyrir sér. Þegar sérfræðikunnáttu er náð gerist það hins vegar að samhengi allra staðhæfinga verður svo vítt að þær gjaldfalla nema hafðir séu með ótal viðaukar og neðanmálgreinar. Þær verða fræðilega gagnslausar annars. Þess vegna er félagi minn óþolandi. Og ómissandi. Hann er ómissandi af því *það er ábyrgð sérfræðingsins að viðhalda fræðilegum lífmassa greinar sinnar og sætta sig ekki við yfirborðslegar alhæfingar*, hversu skynsamlegar sem þær kunna að vera.

En gagnkvæm aðdáun okkar byggir ekki aðeins á forvitni um annað fræðasvið. Það hefur nefnilega komið í ljós að sérgrein mín, listin, er *í edli sínu* ólík lífefnafræði og ólík öllum vísinda- og fræðagreinum. Hún er beinlínis annars konar lífvera, svona eins og sveppur innan um salatplöntur. Þetta virðist stafa af því að meðan fræðigreinarnar hafa allar *fræðilega orðræðu* að markmiði er eitthvað annað í píplum listarinnar². Það hefur aðeins aukið á hrifningu féлага míns og furðu.

Við erum sammála um að maður með hans menntun væri sæmilega fljótur að bæta við sig sérþekkingu í ýmsum öðrum raungreinum. En til að fóta sig í merkingarfeni listarinnar þyrfti

² Með þessu orðalagi er hér átt við orðræðu sem hefur merkingu og fjallar um hugmyndir og staðreyndir þannig að hægt sé að rökraeda þær eða afsanna.

hann óratíma og óvíst hvort það tækist yfir höfuð. Hér er grunnmenntun hans í vísindum hugsanlega bara til trafala.


Mér dettur í hug í þessu sambandi að nýverið tók Listaháskólinn á móti konu úr heilbrigðis-stétt. Hún ávarpaði starfsmenn og kvaðst hafa verið óörugg um hvernig hún ætti að nálgast þá. Henni fannst hún ekki hafa nægan skilning á starfi skólans. Hún sagðist þó hafa tekið á sig rögg og ímyndað sér að lykilhugtak í starfinu væri *sköpun*, að þetta snérist um að vera *skapandi*. Svo leitaði hún staðfestingar í salnum. Ég fann að áheyrendur hugsuðu allir það sama: „Já og nei, þetta er ekki alveg svona einfalt.“ Sem betur fer eru listamenn líka óþolandi að þessu leyti.

En gesturinn var ekki alveg á villigötum: Sköpun? Tja, jú, þannig séð. Að miklu leyti snýst starf listamannsins um sköpun. En það er sköpun af sérstöku tagi.

MERKINGARBJÖGUN

Hvaða býsn?! Er listin virkilega svona skelfing frábrugðin vísindunum?

Nú ætla ég að reyna hið ómögulega: Að gefa hugmynd um það hvað *list* gerir. Þetta er tilgáta. Hún mun virðast mörgum lesendum allsendis augljós en grófleg einföldun, og öðrum einhvers konar hugarleikfimi fáránleikans. Ætli þetta verði þó ekki óþolandi fyrir báða? Þá er það nú til einhvers.




Mynd 1 / Mynd 2

mynd 1: Drögum nú lárétta línu. Fyrir neðan hana setjum við tákni en fyrir ofan hana höfum við *táknmiðið*, hugmynd, hugtak eða kennd sem táknið vísar á. Í fræðilegum texta reynum við að hafa bein og ótvíræð tengsl frá tákni til tákniðs. Noti ég orðið „blóm“ vísar það til þeirrar myndar sem flestir fá í kollinn þegar það orð er notað, eins og mynd 1 sýnir³.

³ Þetta er nokkur einföldun og ég ætla ekki að halda því fram að þetta samband sé ótvírætt og vand-ræðalaust í vísindum. Ætli væri ekki réttast að segja að táknið „stefni að því“ að vísa til einnar myndar eða hugtaks?

mynd 2: Það vill svo til að listamaðurinn verður að skekkja þessa einföldu tengingu tákns og táknmiðs. Þetta er reyndar alvenjulegt í daglegu máli og heitir þar myndhverfing, en fyrir listamanninum er þetta vinnuaðferð. Við bjögum beina merkingu til þess að framkalla afleidda merkingu. Þannig segjum við til dæmis að orðið „blóm“ í mynd 2 vísi í raun á einhverja manneskju. Myndhverfing er mjög svo einfölduð mynd af þessu fyrirbæri, því það sem tákníð vísar í er oftast ekki svona auðsegjanlegt. En það má setja þetta svona fram til einföldunar. Ef það væri allt og sumt væri þetta nú ekki merkilegt. En athugum hvað gerist næst⁴.



Mynd 3 / Mynd 4

mynd 3: Samband beinu merkingarinnar við bjöguðu merkinguna getur af sér nýjan hlut. Það er tiltekinn straumur, og á þessari mynd skulum við kalla það *ást*.


mynd 4: Það merkilega er, að jafnvel þótt fyrsta tákníð sveigi frá beinu merkingunni getur hugmynd hennar haft áhrif á þróun verksins. Við sáum að á dularfullan hátt kviknar hugmyndin um *ást* inni í hugarheiminum, og enn skrytnara er að nú varpar fyrsta táknmiðið nýrri hugmynd á „blaðið“ fyrir neðan línu. Það er hugmynd um það sem losar gróður upp af rótum sínum. Tákníð „ljár“ er notað á blaðinu. Að þessu sinni er merkingin kannski ekki bjöguð. Segjum bara að það eigi við um raunverulegan ljá.

mynd 5: Þessi nýja viðbót hefur sérstök áhrif á hugarheim þann sem er í smíðum. Auk ástar myndast nú straumur sem kalla mátti *ótti*. Nú hefur tilvísun tákns 1 framkallað tákn 2 og tilvísun þess gengur í samband við afleidda merkingu tákns 1 og býr til straum.

mynd 6: Nú eru komnir hér tveir dálítið andhverfir straumar, *ást* og *ótti*. Á milli þeirra myndast tiltekin tilfinning. Þau eru fjarlæg en lifa samt í tengslum við eitt sameiginlegt rými. Sú tilfinning getur af sér nýtt tákn: Stigagangur hefur eitthvað af sömu eiginleikum, nálægð en bil, spennu eða fjarlægð milli nágranna og svo framvegis en margt annað gæti fæðst þarna. Hér

⁴ Vonandi er lesandanum ljóst að þótt hér sé orð tekið sem dæmi um tákn er í raun átt við hvaða fyrirbæri sem er. Allt getur orðið að tákni.

eru að verki hugrenningatengsl, eins og við erum alvön úr daglegu lífi, en verða hér eins og gerjun í hugar-hrærunni, og fullkomlega laus við nokkra rökfestu. Ein af aðferðum listarinnar er að hnippa nógu fast í hugmyndirnar svo þær kútveltist einum hring lengra en þær mundu gera í venju-legum tjáskiptum.



Mynd 5 / Mynd 6

mynd 7: Nú tókum við stökk áfram, enda er lesandinn farinn að skilja í hverslags merkingar-tromlu við erum stödd: *Stigagangur* hefur þessa hliðruðu tengingu við *ást* og *ótta*, en svo er bein merking hans bjöguð og verður að hugmynd um lífsgönguna, en hugmyndin um göngu getur af sér mynd af slitnum skóm. Þar sem talað er um stigagang er hins vegar skipt yfir í skó sem oft eru á fótum í sameigninni: *inniskó*. Eitt af hugtökunum sem kviknuðu í ferlinu var *ást*. Það gæti leitt til þess að hér sé um slitna inniskó með ísaumuð hjörtu að ræða.⁵

Hér vorum við að skoða það sem gæti verið vinna við gerð listaverks. Þjálfaður skapandi gæti þrætt sig þessa leið ómeðvitað á einni sekúndu, en þetta gæti líka verið markvisst og meðvitað vinnuferli. Það skiptir ekki máli því hér vil ég einblína á það sem gerist frekar en hvernig eða hvenær það gerist⁶.

Myndirnar sýna hins vegar aðeins sjálfa forvinnuna⁷. Við hana bætist svo gerð listaverksins. Þá er táknum verksins safnað saman og þau knýtt, hnoðuð, leikin, þeim raðað, staflað, dreift eða hvað það nú er sem gerir úr þeim verk⁸. Við þá vinnu kemur til skjalanna kunnátta sem


⁵ Ég læt lesandanum eftir að yrkja ljóð upp úr þessu. Það gæti endað á ljóðmælanda á sífellum þönum um stigaganginn – á slitnum inniskóm með hjörtum á – að leita að réttum stað fyrir pottaplöntuna sem fyrrverandi elskhugi skildi eftir, á meðan gamall ljár hangir til skrauts við eina íbúð.

⁶ Það er ekki efni þessarar greinar, en þessi léttúðugi uppdráttur merkingarbjögunar (og þar með -myndunar), sé eitthvað að marka hann, tekur af öll tvímæli um það hvort vél getur skapað listaverk: Merkingarmyndun getur ekki orðið án *lífaðrar* reynslu. Það er það sem er á bak við allar vendingar dæmisins hér að ofan. Sjá jafnframt um *innsæi* aðeins neðar í textanum.

⁷ Rétt er að taka fram að það sem hér er kallað forvinna er í raun að miklu leyti samtíða sjálfri smíðinni. Þótt þetta sé „for“-vinna á það ekki endilega við um tímaröð verkþátta.

⁸ Hér erum við ekki lengur að tala um orð heldur hvaða efni sem er, enda getur allt orðið að tákni.

er nokkuð ólík þessu svamli sem lýst er hér að ofan. Köllum það listrænt handverk, og tekur til allra leiða til framsetningar hugarheims. Þar hefur samband þessarar framsetningar við viðtakanda mest að segja. Listamaðurinn spyr sig hvernig hugarheimurinn á að skína og þróa aðferðir til þess að hann geri það, hvort hann geri það ljóst eða leynt, ítrekað, í stóru eða smáu og svona mætti lengi telja.



Mynd 7

Þegar handverkið kemur til skjalanna verður til fag sem er algerlega einstakt og líkist ekki nokkurri annarri andlegri iðju manna. Þar mætir rökhugsunin, verkfræðin eða mælskufræðin sem handverkið felur í sér hinni fullkomlega frjálsu spunavél hugmyndanna. Og það er einmitt frelsið sem gefur verkfræðinni þýðingu og verkfræðin sem gefur spunanum þýðingu.


Þræðinn þarna á milli mætti kalla *innsæi*. Innsæi er líklega sálgáfan sem sker úr um hvort merkingarþjögunin hér að ofan verður frjó eða bara kjánaleg. Það er hvað erfiðast að kenna en vex við þrotlausa *iðkun* listarinnar.

Á mynd 8 hefur einfaldlega verið bætt neðan á kortið dálítið öflugri láréttri línu, eins konar eldvegg. Hún lýsir því að skrefið frá merkingarvinnunni yfir í verkið getur verið býsna stórt, og torfarinn sá veggur sem skilur þetta að. Þetta er þó ekkert náttúrulögmál og iðulega verðum við vitni að fallettri osmósu hugarheims yfir í verk. En það er tvímælalaust sérstakt viðfangsefni.⁹

Þetta var allt og sumt. Sú freklega alhæfing sem hér er sett fram er að tvennt sé listinni innborið: 1. Að hún heggur stöðugt á beina leið tákns til merkingar. 2. Að hún notar listrænt handverk til að birta þá merkingarhræru sem af þessu leiðir.

⁹ Þótt þetta sé látið hljóma þannig að fyrst komi hugmynd og svo verk þá er það eins og með forvinnuna hér á undan, ekki hægt að slá því föstu. Þetta getur orðið til meira og minna á sama tíma.

Þessu má ekki taka of bókstaflega en er þó vonandi nægilega skýrt. Hér er ekki endilega verið að tala um einföld tákni og þekkt tákni heldur miklu frekar tiltekinn veruhátt listraennar hugsunar, að snúa stöðugt út úr til þess að stækka merkingu tákna sinna. Sumir hafa lýst listinni sem táknum án tilvísana og það er góð tilraun til að höndla þetta viðfangsefni.



Mynd 8

Hér er það ekki dregið í efa að listamenn allra tíma noti iðulega tákni sem áhorfendur skilja nokkuð umyrðalaust. Táknsamband kemst hins vegar alltaf á flókt þegar í listaverk er komið. Það væri of langt mál að gera þessu nægileg skil.

RAFMAGN

Nú bið ég lesandann um framlengt leyfi til grófrar einföldunar.

Ef eitthvað er til í þessu hér að ofan væri helsti munur vísinda og listsköpunar þessi: Vísindin miða að skynsamlegum niðurstöðum – tímabundnum, óskýrum, afmörkuðum, vafasömum... en þó alltaf einhverju sem hægt er að ræða á skynsamlegan hátt – en listin miðar ekki að niðurstöðum heldur staðleysum. Þetta er gjarnan þannig að ef hugarheimurinn er of sléttur sér handverkið um að ýfa hann, en sé hann mjög úfinn leitast handverkið við að slétta hann lítið eitt. En niðurstaðan er einhvers konar staðleysa.

Vitanlega er hægt að ræða um listina á fræðilegan hátt og það er mikilvægur og auðgandi hluti náms og menningar að gera það. En því má ekki rugla saman við sjálfa listina, *iðkun* hennar og *þjálfun*.

Með öðrum orðum: Vísindin taka eitthvað sem er óskiljanlegt og leitast við að gera það

skiljanlegt. Listin tæki frekar hið augljósa og gerði það óskiljanlegt¹⁰. Þeir sem ekki þekkja fagið halda þá kannski að þetta sé aðeins spurning um að vera nægilega óskýr, að gera eitt-hvað skrytið (sem margir virðast tengja við orðið „skapandi“). Það er ekki alveg svo einfalt. Óvissa listarinnar er fullkomlega skýr. Hún er óraunsæ á mjög nákvæman hátt¹¹. Hún er ekki „kannski“ eða „svoltið“ raunhæf. Það er sérstök tegund aga að verki; hugmyndavinnan og handverkið vinna saman að þessari útkomu.

Og það er ekki svo að það sé eitthvert vit í því að horfa á manneskju og hugsa „blóm“. En við þessa aðgerð myndast rafmagn í huganum, einmitt á jöðrunum þar sem þessi tvö fyrirbæri falla ekki saman, og það er þetta rafmagn sem knýr alla lifandi hugsun, líka þá hugsun sem á endanum leysir ráðgátur vísindanna.

Í þessum stadleysum listarinnar felst erindi, lífsneisti og andófsafl hennar.

ÁSTAMÁL AÞENU

Víða um lönd er nú verið að slípa menntakerfi listarinnar saman við samræmt skipulag háskóla. Þetta sjáum við í sjálfri nafnbreytingu margra stofnana: Þær sem áður hétu *Hochschule* eða *Academy* taka nú upp heitið *Universität*, *University* og svo framvegis.

Listaháskólar hafa tvímælaust gott af samfélagi við aðra háskóla. Auk þess er fræðilegri umræðu um listir vel komið innan þeirra; þar er jú nálægðin mest við sjálf fyrirbærið, eða altént vinnu við það. Sérstaða listaháskóla er engu að síður alger og mjög dýrmæt: Þeir eru einu stofnanirnar sem standa vörð um ofangreint „óeðli“ listarinnar. Því þarf að gæta þess að samræmingin ógni ekki þessu mikilvægasta erindi þeirra.

Erindið gæti orðið yfirborðslegum alhæfingum að bráð. Sem dæmi má nefna að til að auka á vægi skapandi greina er þeim oft slegið saman í eina breiðfyllkingu. Það getur áreiðanlega haft pólitískt gildi en gæti þó snúist í höndum listamannsins: Hvað ef fjárveitingar til skapandi greina eru taldar fram sem stuðningur við listiðkun? Hér kemur jáognei-íð enn til skjalanna. Að segja að listamaður sé starfandi innan skapandi greina er eins og að segja að trésmiður sé í íþróttum. Trésmíði er líka íþrótt, en þessi fullyrðing segir svo ósköp lítið um starf hans.

Nú vísa ég aftur í samskiptin við félagi minn hér að ofan. Hann gæti útskýrt og varið mikilvægi allra fræðigreina sem kenndar eru í háskólum. Aðferðafræði þeirra skarast að miklu leyti við hans eigin grein. En því miður, þrátt fyrir mikil samskipti okkar og góðan vilja hans, þá er hann ekki í stakk búinn til að tala af þekkingu um aðferðir listarinnar. Hann er *háskólamaður*, ekki *listaháskólamaður*. Í þessum efnunum er ábyrgð listaháskóla því mikil.

En eru þetta ekki óþörf orð? Er nokkuð sem ógnar listinni?

Já og nei. Hún á sér tvo nokkuð svo ágenga aðdáendur: Markaðinn og Akademíuna, og stundum líka Pólitíkina, mis-ákafa. Listin hefur svo sannarlega gott af athyglinni og ætti hiklaust að

¹⁰ Hér er „óskiljanlegt“ notað í nokkuð þröngum skilningi. Því er alls ekki haldið fram að listaverk séu að öllu leyti óskiljanleg. Skynfæri okkar „skilja“ þau þrýðilega vel.

¹¹ Þetta má ekki misskilja svo að ég telji list ekki geta verið raunsæja í vissum skilningi. Þessi einföldun á líka við um raunsæja list.

daðra við alla. Vandinn er sá að þessir aðdáendur virðast vilja eigna sér hana og stýra. Það má ekki verða.

Við þekkjum öll ástarljóðin sem þeir senda gyðju sinni: „Hún gefur vörunni aukið virði. Hún býr til nýja tegund þekkingar. Hún bætir samfélagið. Hún stuðlar að nýsköpun í atvinnuvegum.“ Ólíkt mörgum ástarljóðum þá er hér allt satt og rétt. Það er bara dálítið sem þarf að bæta við þetta:

Listin er fjörefni fyrir markaðinn, en hún hlítir ekki reglum hans.
Listin er innblástur fyrir betra samfélag, en hún hlýðir ekki siðferðisreglum þess.
Listin er eldsneyti fyrir nýsköpun í atvinnuvegum, en hún þjónar ekki tilgangi þeirra.
Listin býr til nýja þekkingu, en hún hegðar sér ekki eins og fræðigrein.
Því ef hún gerði það þá væri hún ekki fjörefni, innblástur eða eldsneyti.

Þetta skal ég útskýra snarlega með myndlíkingu sem félagi minn væri stoltur af. Hún kemur úr eðlisfræðinni: Til þess að orkumagn kerfis vaxi þarf því að berast orka utan frá.

Utan frá.

Á BÍLFLAKI BURT

Til þess að eiga sinn stað í samfélaginu þarf listaháskóli að gæta þess að tilheyra ekki öðrum stað. Þetta kynni að valda einhverjum sjálfsmyndarvanda: Þarf ekki stofnun sem kölluð er *háskóli* að hegða sér í samræmi við það og gera það sem háskólar gera?

Því má svara með vísun í orðaleikina hér í upphafi. Að eitthvað heiti *listaháskóli* þýðir ekki að það sé háskóli, frekar en það sem heitir *bílakirkjugarður* er kirkjugarður. Orðið þýðir einfaldlega „listmenntastofnun á æðsta stigi“.

Þessi stofnun ætti að einbeita sér að því sem *listin* gerir mun frekar en því sem háskólar gera. Hún þarf ekki að fjalla um eitthvað annað til að sanna tilverurétt sinn. Það bæri bara vott um efasemdir, eins og listin væri ekki nægilega flókið og viðamikilið viðfangsefni.

Það er óhætt að snúa ábyrgð fagmannsins upp á listaháskóla: Hann ætti að bera ábyrgð á að *viðhalda faglegum lífmassa greinar sinnar* og ætti ekki að *sætta sig við yfirborðslegar alhæfingar*. Engin önnur menntastofnun getur verið málsvari listarinnar.

Það er víst hvorki æsifrættamaður né heimspekingur sem hér ritar heldur listamaður. Og finnst mestallt sem hér hefur verið sagt augljóst. Og finnst margra alda saga listarinnar segja það. Sá sem stendur fyrir listmenntun tekur vonandi mark á henni. Hún færir okkur þessa náttúru sem að ofan er lýst. Þetta blasir við og er ástæða þess að okkur finnst þess virði að hrærast í heimi hennar þrátt fyrir misjafna afkomu.

Svo augljóst ætti þetta að vera þeim sem skipuleggja listmenntun að manni dettur í hug geimvera ef þeir sjá það ekki. Eins og þessi hér að ofan sem er í einhverju basli með samsett orð tungumálsins. Þessi sem ég var að segja frá *hlífum*; sem skilur ekki að orð breytir um merkingu

eftir því hvaða orð situr hjá því. Einmitt þegar við þurfum traustar hlífar fyrir ágangi vonbiðlanna.

Annars höggur sá er hlífa skyldi.

PS.

Yfirlsari 3: „En er þessi grein ekki bara yfirborðsleg alhæfing?“

Prófessoraspjall um efni frá hráefni til viðfangsefnis?

Atli Ingólfsson & Einar Torfi Einarsson

Á íslensku tölum við gjarnan um efni í ýmsum skilningi: hráefni, aðhlátursefni, leysiefni, mál-efni, eða viðfangsefni, og fleira. Innan tónlistar, og þá sérstaklega tónsmíða og tónfræða, hefur þetta orð vissa skírskotun í efnivið sem notaður er til sköpunar, til smíði, en jafnframt hvernig tónlist getur fjallað um eitthvað eða tekist á við eitthvað viðfangsefni. Þessi efni eru því ólík eðlis og hafa ólíka birtingarmynd. Hugmyndin með þessu spjalli er að skerpa aðeins á þeim efnum sem tónlist getur unnið úr og/eða tekið sér til skoðunar. Við spyrjum því „hvað“ og kannski „hvernig“ en eflaust ekki „af hverju“, stundum tæknilega og stundum heimspekilega.

ETE: ...En Atli, svona til að byrja einhvers staðar: er tónlist ákveðin efnafræði, eða frekar bygg-ingaverkfræði / arkitektúr, og hvert væri þá grunnefni tónlistar og væri það eitthvað annað en hráefni?

AI: Þetta er óþægilega góð spurning. Í það minnsta finnst mörgum eflaust þungt að rýna um of í hana, eins og þeir ættu að fara að hugsa stöðugt um eigið göngulag á meðan þeir ganga. Þú veist, allt þetta með eðlilega tjáningu og svo framvegis. En það vill svo til að þeir sem læra tónsmíðar þurfa að velta þessu fyrir sér.

Áður en lengra er haldið mundi ég vilja athuga hvort við erum sammála um að það að ræða á þennan hátt um tónlist, að þar komi einhver hugmynd um *efni* við sögu, sé svolítill nýlunda í tónlistarsögunni – afsprengi 20. aldarinnar. Fram að því var jú tónlist alltaf tengd meira við tungumál, með stefjum (orðum) og hendingum (setningum).

ETE: Þetta er vafalaust nýstárlegt sjónarhorn og yfirleitt bendlað við upphaf móðernismans, ekki satt, sem neyddist til að skapa sér sinn eigin guðdóm eða heilagleika. Því mætti kannski segja að með orðum Nietzsches um dauða guðs hefji efnið smátt og smátt innreið sína sem nýr grunnur veruleikans – því ekki skal gleyma að tónlistin kom á öldum áður frá guðdómnum. Mig minnir að í fyrirlestrum Anton Weberns hafi hann talað um tóninn eða jafnvel nótuna sem efni tónlistar („das Material“), en mögulega eru önnur fordæmi.¹ Það er forvitnilegt að hugsa til þess að formóðernísk tónlist hugsaði kannski ekki um efni því formgerðir voru það

¹ Við nánari eftirgrennslan fannst heimild: í *Handbuch der Harmonielehre* (1890) eftir Hugo Riemann er talað um 'das Material' í tengslum við hljómfraði.

stífar og tónlistin svo mikið tungumál að það hreinlega var ekki hægt að hugsa um eitthvað annað en stef og setningar sem pössuðu inn í ramma formsins. Við, nútímafólkið, getum samt horft á það sem efni, það er að segja formóðernískt efni samanstóð af stefjum og hendingum, þó það stangist á við hvernig fólk hugsaði. En það er kannski ekki grunnefni né hráefni og því eflaust engin efnafræði? Erum við þá að segja að við þurfum hrun tóntegundakerfisins, eða frelsun frá því yfirvaldi, til að hefja hugsun um grunnefni og einhvers konar efnafræði?

AI: Já, það var þessi tilfinning fyrir nýju upphafi sem leiddi þetta sjónarhorn af sér. Allt í einu var músík ekki lag og hljómar heldur *strúktúr*...og auðvitað varð til nýtt yfirvald sem gerði þetta að trúarsetningu. Trúarsetningu sem mótaði okkur öll og réði ríkjum lengi vel, þótt mér finnst við reyndar komin á annan stað núna, á „póst-materíal“ tímum.

Því má þó ekki gleyma að þótt þessi orðræða hafi verið ný af nálinni má alveg yfirfæra hana á ýmslegt í eldri tónlist. Bach hefði nú ekki skilið mikið í einhverju tali um *efni*, en skoðum svo hvernig hann setur saman sum verka sinna: Á bak við þau liggur heilmikil vinna sem er hrein samsetningarfræði. Það er ekki músíkalskur innblástur sem leiðir af sér Goldberg varía-sjónirnar heldur byggingarlist og útreikningar. Svo verður það að dýrðlegri tónlist þegar hann tekur formin og töflurnar og býr til úr þeim heyrnlegt yfirborð. Sjá líka fjölröddunarmeistara, Ockgeghem og þá alla. Þeir áttu í fórum sínum alls konar töflur og skapalón til að vinna með tónana, eða búa til *efni*, eins og við mundum segja í dag.

ETE: Mikið rétt, en bíddu nú hægur, hérna þurfum við að greina í sundur efni annars vegar og skapalón/töflur hins vegar – svo nefnirðu „yfirborð“ sem þarfnast eflaust sérstakrar yfirferðar. Tökum efni og töflur; þessar umræddu töflur bjuggu til meira efni tengdu ákveðnu grunnefni sem kom yfirleitt í formi mótífs, ekki satt? Þessu er kannski öðruvísi farið á 20. Öldinni þar sem umgjörð efnisins var „allt í einu“ horfin, þannig séð formlaus, þeas. ekki endilega sem mótíf í tóntegund (kirkju- eða dúr/moll-tóntegund). Þannig séð þurfti því að hanna eða smíða og sníða tónunum nýtt samhengi, eða umhverfi. Þetta er eins konar endurnýjað (ofur-)vald sem setur nýja áherslu og kröfu (eða krísu) á smíðinn sem fær nú bara grunnefni í formi (hrárra) tóna. En skapalónin² sem hönnuð voru fyrr á öldum komu samt að góðum notum þá, ekki satt? En getum við líkt þessu við efnafræðina (eða kennt henni jafnvel um), og talað um tónlistarlega vendingu frá líffræði (plöntur, dýr, líffæri, frumur) yfir í efnafræði (frumefni, sameindir, jón), það var náttúrulega í upphafi 20. aldarinnar sem atómið sem líkan kom fyrst fram á sjónarsviðið (þótt Lucretius hafði talað um það í forntímanum), á sama ári og Vorblót Stravinskys?

AI: Tjah, ég hef ekki séð þessi verkfæri, skapalónin sem sumir telja fjölröddunarmeistarana hafa notað, en grunar að þetta hafi byggt mikið til á tónbilum, til dæmis listi yfir möguleika stefjabrota í þríundar-, ferundar- eða jafnvel níundarkanón. Ég var allavega að meina að þarna var mikil smíði áður en verkið var svo „samið“, og ritað í endanlegri mynd.

En jú, 20. öldin færði okkur þessa nýju ábyrgð: Þú þarft fyrst að búa til tungumál, svo að yrkja

² Þau eru eflaust í ýmsu formi en merkilegt rit sem mætti benda á í þessu samhengi er *Arca Musarithmica* (1650) sem tekur á ýmsum hjálpartækjum til tónsköpunar. Sjá nýlega grein um þetta: Cashner, A. A., (2024) "Athanasius Kircher's *Arca musarithmica* (1650) as a Computational System", *Journal of Creative Music Systems* 8(1). doi: <https://doi.org/10.5920/jcms.1325>

kvæði á því. Eiginlega í hvert einasta sinn. Nú fór forvinnan að taka þennan óskaplega tíma, en hún gat líka verið dýrðleg. En ýmsir bentu á að þessi atómíska nálgun væri á misskilningi byggð. Ligeti segir að tónlist sé ekki gerð úr hlutlausum einingum því tónninn sjálfur sé form, hann hafi upphaf miðju og endi og vísi áfram í tímanum. Það sé ekki hægt að horfa fram hjá því.

Þessi orðræða um efni tónlistarinnar er hins vegar eitthvað sem við fáum í arf og hefur gefið manni tiltekinn sveigjanleika. Við tökum engu tónmáli sem gefnum hlut, allt er konstrúerað, öllu má breyta og síðast en ekki síst: Allt getur orðið að efni.

ETE: Einmitt – þetta er áhugavert með misskilninginn, því auðvitað hefur Ligeti rétt fyrir sér að tónn sé heill heimur (og jafnvel áður en tónninn myndast), en „misskilningurinn“ átti samt eflaust þátt í þeirri uppljómun, þeas. Það þarf fyrst að strípa tóninn til að sjá hann í nýju ljósi. Ligeti er einnig áhugavert dæmi því tónninn hjá honum verður svo oft fruma, maur, eða dropi í skýi, þeas. eitthvað stærra er smíðað í kringum tóninn. En getum við kallað það líka efni – er skýið efni – eða eru það bara efnistösk?

AI: Þetta fer dálítið eftir því hvernig við skilgreinum orðið. Ég freistast til að segja að allar þær einingar sem ég kys að vinna með séu efni mitt. Þær geta verið mjög smáar eða risastórar. Ég held einmitt að skýið hjá Ligeti sé dæmi um efni þar sem tónskáldið hefur tekið nokkur skref aftur á bak og sér verkið úr meiri fjarlægð en áður, og hann mótar þessar stóru einingar. Hjá öðrum voru svona stórar einingar kannski bara afleiðing af efnisvinnu á atómískum skala.

ETE: Það eru þessi gamalkunnu tengsl milli þess smá og stóra sem fá nýja sýn, og nýja möguleika, eftir að tónmálið öðlast þetta frelsi. En stundum brjótast þessar stærri einingar fram án ásetnings tónskáldsins; verður afleiðing eins og þú segir. Það er líka áhugavert að skoða hvernig titlar verka umbreyttast þegar tónmálið er mótað frá grunni af tónskáldum. Fyrr á öldum voru þetta yfirleitt sönötur/fúgur/sínfóníur í X-tóntegund eða vísanir í sögur/ljóð nú eða hlutverk (dansar, flugeldatónlist,...), en hjá Ligeti (svo við höldum okkur við hann) sjáum við titla eins og *Lontano* (eða fjarlægð). Getum við tengt þetta við allt annað efni, viðfangsefni? Sem samt sem áður getur mótað grunnefnið, meðhöndlun þess og stærri einingar innan verka.

AI: Já, góður punktur. Titillinn *Lontano* vísar í upplifun áheyrans, að efnið sé óskýrt eins og heyrir úr fjarlægð, en líka vinnu höfundarins, að hann horfi á efnið úr fjarlægð.

Þú nefnir viðfangsefni. Ég nota það orð ídulega um stærri ásetning verksins, trúarlegan, andlegan, dulrænan eða pólitískan. Hér áður var bara einstaka höfundur sem virtist mest hrærast á því svæði efnisins (Giacinto Scelsi til dæmis). Kannski er þetta orðið tíðara í dag. Bjarghyggja (foundationalism) seríalismans virðist löngu liðin tíð. Í dag gæti ég hæglega samið verk bara með því að taka sýni úr fjórum barrokkdönsum og láta loftþrýstingsmælingar Veðurstofunnar stýra því hvernig þau blandast. Það er ekki verri aðferð en hver önnur, en þá fer einmitt viðfangsefnið að verða mikilvægt: Spurningin af hverju ég geri það sem ég geri.

ETE: Vissulega, þessi „af hverju“ spurning rammar inn viðfangsefnið á skýran hátt en ég get líka séð viðfangsefnið sem tæknilegt eða fagurfræðilegt í edli sínu. Þetta er kannski spurning um túlkun í vissum tilfellum því ásetningur tónskáldsins rímar ekki alltaf við viðfangsefni tónlistarinnar. Tökum dæmið þitt þar sem loftþrýstingsmælingar stýra barokksýnum; tón-

skáldið gæti haft engan frekari ásetning heldur en þetta skemmtilega samspil. Er þá þar með sagt að tónlistin hafi ekkert viðfangsefni? Hún hefur aðferð, grunnefni, og ef til vill form og fagur-fræðilegan áttavita, en það er þá í höndum áheyrenda/túlkenda að veða og meta hvað þessi tónlist snýst um?

AI: Mér finnst mjög heillandi sú mynd af listaverkinu sem til dæmis Proust dregur upp (skv. Deleuze (sjá *Proust et les signes*)) að listaverkið sé merkingarvél sem starfar að miklu leyti óháð vilja listamannsins. Þetta hef ég reyndar oft upplifað sjálfur. Getum við ekki verið sammála um að viðfangsefnið sé það sem kalla mætti snertiflöt verksins við heiminn?

Nú skal ég draga upp fyrir þér mynd sem þú þekkir mæta vel þótt þú notir kannski önnur orð um hana: Í tónsmíðakennslu leiðir kennarinn nemandann um þrjú svæði. Mér finnst ég oftast gera það í vissri röð, en það getur verið allur gangur á því. Fyrst er *tækni*, hún fjallar um samband einingar (tóns, lengdargildis, styrks og svo framvegis) við aðrar einingar, svo er það *fagurfræðin* sem fjallar um samband verks við önnur verk, síðast er það svo *andinn* eða *sýnin* sem fjallar um samband iðju við heiminn, veruleikann, andann eða hvað þú vilt kalla það. Þetta þriðja mætti líklega kalla viðfangsefni. Ég heyrði skemmtilega útlistun á þessu hjá Massimo Santanicchia í arkitektúrnum um daginn. Hann sagði: Við getum sagt nemanda að byggja brú yfir á (tækni), við getum sagt honum að koma manneskju yfir ána, hvernig sem hann kys að gera það (fagurfræði), eða við getum sagt honum að íhuga hvort sé yfirleitt ástæða til að fara yfir ána (hugmyndafræðin).

Listamaðurinn hefur áhrif á niðurstöðuna hér, en bara upp að vissu marki.

Það gæti verið tiltekinn lokaáfangi í spjalli okkar að sama hvernig er farið með hráefni, frumefni eða efni, hvort það byggir á bjarghyggju eða algjöru slembi, þá kemst listamaðurinn ekki undan viðfangsefninu. Hins vegar veit ég ekki hversu trúverðugur hann er ef hann ákveður spámannslega að ekki eigi að fara yfir ána; og svo komumst við að því að hann kann alls ekki að byggja brýr...

ETE: Merking og viðfangsefni; hvort tveggja getur verið erfitt að negla niður – hvað þá að vinna með markvisst – og eflaust er hér flókið samspil í gangi því einmitt er þetta snertipunktur listaverks við heiminn (og þeir punktar eru óendanlegir). Ég er þó þeirrar skoðunar að hægt sé að ramma inn viðfangsefnið og tengja það við grunnefni og efnistöð, láta það vinna saman að sameiginlegu markmiði, en það er alls ekki víst að það skili sér til áheyrenda, einmitt vegna þess að merkingin er óútreiknanleg (nema kannski þar sem unnið er með skýran texta í forgrunni). Viðfangsefnið er nefnilega túlkað fyrst af tónskáldinu, ef það vinnur með slíkt efni yfir höfuð. Þetta er eitthvað sem kallar á mikla reynslu og er því erfitt að kenna, og vissulega geta nemendur yfirleitt svarað „hvað“ þau eru að semja, og „hvernig“ þau gera það, en eiga erfitt með „af hverju“ (því stundum kemur það miklu seinna). Það er samt gríðarlega áhugavert hvernig viðfangsefnið er meðhöndlað frá sjónarhóli tónskáldsins, og hvernig það smítar efnið og aðferðir, en það er miðlun í öðru formi sem stundum er hægt að máta við upplifun tónverksins. Og stundum smellur þetta, stundum til háls eða þriðjungs, og stundum ekki. Þetta er eins og heimur inni í heimi með ófyrirsjáanlegt himnuflæði; efnafræði, líffræði og hugmyndafræði allt í senn.

AI: Satt segirðu. Og þá fer maður að hugsa um ábyrgð. Bíddu, engar reglur, bara ábyrgð, er það virkilega staða tónskáldsins? Nei, skyldum við nokkuð þurfa að hafa áhyggjur af því? Ég held ég fái mér kaffi.

Aphex Twin – A Topic Analysis

Einar Indra Kristbjargarson

Music analysis is most often applied to works from the Western classical tradition, but the same tools can offer fresh perspectives when turned toward alternative and experimental genres. In this article, I explore how topic analysis – a method that identifies stylistic markers or "musical codes" – can be used to examine the work of Aphex Twin, an artist whose music often feels as though it comes from another world entirely.

Aphex Twin's compositions can seem to be difficult to define, yet they share similarities in sound, rhythm, and texture. By analyzing selected topics that emerge from his music, I hope to show how even unconventional works can be described through classical analytical techniques.

